



Gjaldskrá félagsheimila í Borgarbyggð

2025

Félagsheimilin Lindartunga, Þinghamar og Brún eru í eigu Borgarbyggðar og eru leigð út skv. neðangreindri gjaldskrá:

	Brún	Lindartunga	Þinghamar	
Fundir og námskeið				
Fundir 1-49	20.500	20.500	34.200	
Fundir 50+	34.200	34.200	47.800	
Veislur og einkasamkvæmi				
Smærri samkvæmi /hálfur salur	36.100	36.100	49.400	
Stærri samkvæmi /heill salur	68.200	68.200	81.900	
Barnaafmæli	13.700	13.700	15.800	
Þorrablót, árshátíð og aðrar sambærilegar samkomur á vegum félagasamtaka í Borgarbyggð				
Verð á seldan miða	675	675	675	
Lámarksverð	68.200	68.200	68.200	
Dansleikir	96.200	88.800	115.900	
Leiksýningar, tónleikar og aðrir menningarlegir viðburðir				
Æfingar (hvert skipti)	3.450	3.450	3.450	
Leiksýningar	20.400	17.100	27.300	
Helgarleiga - aðgangur að eldhúsi innifalinn				
Föstudag - sunnudag	163.300	136.500	191.100	
Sólarhringsleiga - aðgangur að eldhúsi innifalinn				
	102.400	81.800	122.800	
Annað:				
Leiga á eldhúsi	10.700			
Svefnpokapláss	3.600	3.600	3.600	Aðeins fyrir hópa
Svefnpokapláss	850	850	850	Skóla og íþróttahópar
Reglubundið félagsstarf	6.700	6.700	6.700	

Ekki er innheimt leiga vegna fjáröflunarviðburða félagsmiðstöðva, leik- og grunnskóla í heimabyggð (á ekki við um dansleiki).

Íþrótt-, tómstunda-, æskulýðs- og félagasamtök sem og góðgerðarsamtök fá 25% afslátt af leiguverði. Ef um endurtekna notkun er að ræða er hægt að semja sérstaklega um verð eftir fjölda skipta á því leigutímabili sem um ræðir.



Almenn ákvæði vegna útleigu félagsheimila

Leigutaki ber fulla ábyrgð á tjóni á húsnæði, tæknibúnaði og innanstokksmunum sem gestir kunna að valda.

Borðbúnaður er innifalinn í leiguverði húsakostsins og honum ber að skila í sama ástandi og tekið var við honum. Krydd, plastfilmur og annar búnaður sem notaður er í eldhúsi er ekki innifalinn í leigunni.

Með öllu er óheimilt að fara með borðbúnað út úr húsi, s.s. potta, pönnur og skálar.

Leigutaki annast sjálfur og ber ábyrgð á uppröðun og frágangi. Að viðburði loknum skal þrifa gluggakistur, borð og stóla raða þeim upp og henda rusli. Ganga skal frá eldhús- og borðbúnaði.

Leigutaki annast sjálfur allt er viðkemur dansleikjahaldi s.s. skemmtanaleyfi og dyravörslu. Stefgjöld koma til hækkunar á leigugjaldi og eru rukkuð af seldum miðum skv. gjaldskrá STEFs.

30% staðfestingargjald er greitt vegna dansleikja, veisla, helgar- og sólarhringsleigu.